

nafn sitt undir. Þorleifur spurði, hvaða pappírar það væri, og svaraði Breiðfjörð, að það væri pappírar, sem Þorleifi væri óhætt að skrifa undir sem vott.

(Niðurlag næst).

#### NÆRRI GREININ!

Í heimalandi Þjóðvillunnar, sjálfri Ísafarðarsýslu, er henni lesinn þannig pistillinn í brjefi til Ísafoldar frá málsmetandi manni 23. desbr. f. á.

Þessi nafnfrægi snepill, sem fauk fram úr hreiðri Þjóðviljans í sumar, var líka hjer á flókti, en hvervetna fyrirliðinn, sem «humbugur af stærsta tagi; og synd væri að ímynda sjer að Þjóðvillu-flokkurinn hefði aukizt við þetta hjer um pláss. Nei; mjer er óhætt að fullyrða, að virðing almennings fyrir ritstjórninni lækkaði talsvert við þetta, enda eru alls þrjár kaupendur að blaðinu hjer í hreppi; tveimunu lesa hann, annar þó ekki nema í úræðaleysi með aðrar bækur eða blöð til dægurstyttingar, hinn (heldur hann) handa öðrum að lesa, en sá þriðji segja menn muni fá blað. Þó sjer kostnaðarlítið, og sýnir mikla auðsveipn með að taka einlægt við. Það er heldur eigi að búast, að slíkt blað, sem er jafn-upp-lyut með ósannindi, hroka og persónulegum meiðyrðum til æðri sem lægri, geti fundið eptirsókn og velvild landsmanna. Að svona drengir þykist og vilji berjast fyrir frelsi og farsæld þjóðar sinnar, er hræðileg tilhugsun. Þetta er álit mitt í þessu efni, og frá því vík eg ekki — mun aldrei frá því víkja eitt fet.»

**Skipstrand.** Mánudag 19. þ. m., í dimmviðris-kafaldsbyl, strandaði við Garðskaga kaupskip, *Peter*, á útleið frá Dýrafirði og Ólafsvík, hlaðið íslenskum vörum: um 100 tunnur, 150 skpd af saltfiski, ull, fiðri o. fl. Mannbjörg varð, og skip og vörur lítið skemmt eða ekki.

**Manntjón af slysförum.** Bátstapi varð í Jökulfjörðum 4. des. f. á. (ekki 4. jan.) komst formaður lífs af, en hásetar 3 drukkuðu: Vagn Ebenezerson og Kristján Jónsson báðir frá Leiru, og Jónatan Jónsson í Furufirði.

Maður varð úti á Svínadal í Dalasýslu rjett fyrir jólin, vinnumaður frá Hvitadal í Saurbæ.

**Kaupfjélag Reykjavíkur.** Ársfundur var haldinn í fjelaginu 22. þ. m. Fjelagið hafði árið sem leið keypt vörur fyrir nál. 15,700 kr., mest útlendar; — sauði fyrir rúm 2200 kr., ísl. smjör fyrir tæp 300 kr. Þetta ár er búizt við helmingi meiri vörukaupum að minnsta kosti, eptir pöntunum, sem komnar eru nú þegar. Viðskiptin voru nær eingöngu við Fischers-verslun, og verða líklegast áfram. Með reikninga-samanburði má sýna, að fjelagsmenn hafa fengið langt um betri kaup en t. d. pöntunarfjélag Árnesinga. Stjórn fjelagsins vann kauplaust árið sem leið, en nú var henni ákveðin ofurlítil þóknun (200 kr.). Í stjórn voru endurkosnir: Sigfús Eymundsson og Sighvatur Bjarnason, og þriðji maður síra Þórhallur Bjarnarson prestaskólakennari.

*Barðastr.sýslu* sunnany. 6. jan. 1891: «Eins og veðurátt var mjög óstöðug og umhleyppingasöm í allt haust og framan af vetri þessum, þannig var hún líka næstliðinu mánuð fram að jólum, en síðustu viku hins liðna árs var líkust veðurátt reglulegri vorbliðu: logn og stilla, optast þíða, og stundum um 4—5 gr. hiti á R., jörð nú að sjá marauð í byggð og fjöll fannalítil.

Fremur hefur verið notuð útibeit fyrir sauðfje í útibeitar og fjörubeitar-plásur framan af vetri þessum sökum frostvægðanna; var fullorðið fje ekki tekið á hús fyr en skömmu fyrir jól vestanvert við Steingrímsfjörð og víðar, en vegna slagviðranna, sem opt koma

fyrir á þessum tíma, eigna margir því, að nú hefur bráðasótt gjört vart við sig víða, þó ekki sjeu, enn þá, mikil brögð að því; flest dautt úr henni í Bæ á Selströnd milli 30 og 40 og á Reykhólum milli 20 og 30.

Heldur má nú sjá merki til fjörs og framfarahuga almennings í þessum plássur, sökum góðærisins um 2 ár næstliðin; því vex hugur þá vel gengur. Hafa búnaðarfjelagafundir verið haldnir í mörgum hreppum og áformað að auka og efla slíkfjélag, sem nú eru til og mynduðust hjer fyrir nokkurum árum, og naumast höfðu meira til síns ágætis að svo stöddu en nafnið tómt, því þó stöku búendur, hafi skarað fram úr, og gjört stórvirki á ábyli sínu, var það ekki þessum fjélagum að þakka, heldur af eigin kvötum ábúenda. Einnig hafa pöntunarfjelagafundir haldnir verið hjer, og í nálægum plássur, og áhugi manna lýst sjer í því, að heita meiri framlögum af innlendri vöru en verið hefur. Þar að auki hefir að sögn í hverjum hreppi í Strandasýslu myndast fjelagsdeild, til við bótur þessu Dalasýslufjelagi, með því skilyrði, að vöru skip fáið frá Englandi á hafnir vestanvert við Húnaflóa. Í einum hrepp hjer í sýslu sunnan til hafa þó þrjár efnuðustu og kraptmestu bændurnir það svo, að þeir pota sjer út úr, og setla að verzla sjer við fjelagið; taka sumir þeirra með sjer sína vildarmenn, án þess að stofna fjelagsdeild fyrir allan hreppinn. Hvort hinir fátæku hreppsþúar, sem eptir eru, hafa þrek til að stofna sjer verzlunardeild í hreppi þessum, þegar hinir eru frá gengnir, er eun óráðin gáta.

Kvillasamt hefir verið framan af vetri þessum, og meir á börnum en fullorðnum, af kvefi og brjóstveiki; þó hefir fátt dáið hjer í plássu og enginn fullorðinn.

Enda þó prestar vorir muni ekki hafa vanrækt að minnast þessa góðæris, eptir vorri gömlu og góðu trúarvenju, virðist ekki ónauðsynlegt að minnast þess frá efna- og hagfræðislegu sjónarmiði. Má það teljast með beztu

*Glansar drösin brúna blið,  
brúðar hrós ei sjatni,  
akurrós má reiknast frið  
Rut á Ljósavatni.*

Rut var eitt sinn á ferð í köldu veðri og mætti karlmanni, segja menn það væri Guðmundur hreppstjóri. (Hún kvað þá vísu, heldur klúryrta og ókvennlega, og hann aðra slíka í móti). Kom svo síðar, að Guðmundur fékk Rutar; hann hafði búið áður með ráðakonu milli kvenna; en er hann tók Rut til sín, vildi hún ráðskonuna þegar á brautu, og kvað um hana, og er þetta ein stakan:

*Garðalóar grundin hjer,  
geysi-ljótur kvoti,  
skarðar ró, með falsið fer,  
farða króar ráðin ber.*

Þá Guðmundur fékk Rutar, var þetta kveðið:

*Ráðugur fékk róms um hlje  
Rut frá Ljósavatni  
gullbaugs furu glansandi  
Guðmundur í Kaupangi.*

Þessa vísu kvað Rut um Júdit systur sína og konu þá, er Halla hjet, er vináttu tóku með sjer, en báðar þóttu allstórlýndar, ef út af bar:

*Verði ástin varanlig  
vist má undur kalla,  
jeg veit að þær jafna sig,  
Júdit mín og Halla.*

En þessa vísu eigna menn Jónatan um Odd afa sinn:

*Fjalla skauða foringinn,  
fantur nauða grófur,  
er nú dauður afa minn,  
Oddur sauðapjófur.*

En engir hafa þess getið, að Oddur sá væri að stuldum kunnur; allmargar er sagt að væri slíkar vísur þeirra systkina, þó vjer hvorki nenum nje vitum að rita; en minnr hefir verið á lopt haldið þó margar megi þau efnisfegri vísur kveðið hafa.

Þeim bræðrum báðum var komið í Hólaskóla síðarla á dögum Gísla Magnússonar Hólabiskups (1755—1779). Bóas var eldri og fór fyrri nokkuð í skóla en Jónatan; sagt er, að enginn þætti þeim samtíða í skólanum (fremri) að námi og eðlisvitru, og all-fjörugir, einkum Jónatan, því manna var hann ófyrirleitnastur; en Bóas var um það hægri.

#### II. kap. Bóas tekur aðstoðarprestsvígslu.

Eigi ætlum vjer að Bóas væri lengi stúdent áður hann vígðist aðstoðarprestur Ingjaldar prests Jónssonar í Múla (1776—1804); gekk hann þá að eiga ekkju þess manns, er Símon hjet og búið hafði í Örnudal; hún hjet Margrjet; bjuggu þau fyrst í grennd við Múla. Margrjet var skapstór, og er sagt að lítt færirst henni við mann sinn, en sagður er hann maður skemmtinn og blíðlátur. Soffía hjet dóttir þeirra.

Tómas hjet maður, kallaður «hórmungur»; lítill var hann og væskilslegur; hann var vinnumaður Bóasar prests. Annan húskarl hafði hann, er Jón hjet og var Jónsson, smiður góður, og kallaður vel að sjer; griðkona prests hjet Steinvör,